Kópavogur, 26. janúar 2026

b.t. Lýðheilsu- og íþróttanefndar

Efni: Styrkbeiðni vegna alþjóðslegs skákmóts á vegum skákdeildar Breiðabliks þann 10.-20. mars 2026

Aðalstjórn Breiðabliks, h.f. skákdeildar Breiðabliks óskar eftir 300-500 þúsund kr. styrk vegna alþjóðlegs skákmóts í Kópavogi. Ætlunin er að koma á reglulegum alþjóðlegum skákmótum í Kópavogi og gefa U25 hóp skákdeildar Kópavogs tækifæri til að tefla við sterka erlenda skákmenn og gefa þeim tækifæri til að verða alþjóðlegir meistarar og/eða stórmeistarar. Hugmyndin að alþjóðlegu skákmóti er komin frá Helga Ólafssyni, Kjartani Briem, formanni skákdeildar Breiðabliks og Halldóri Grétari Einarssyni, formanni meistaraflokksráðs skákdeildar Breiðabliks.

Alþjóðlega skákmótið (Kópavogur International 2026) – Rísandi stjörnur (Rising stars), fer fram þannig að tefld verður tvöföld umferð í sex manna lokuðum flokkum. Annar flokkurinn verður fyrir GM-áfanga möguleika og hinn fyrir IM-áfanga möguleika. Einnig verður tíu skáka einvígi Vignis Vatnar við erlendan meistara. Þó kemur til greina einn tíu manna lokaður flokkur en færri af okkar ungu mönnum sem geta þá tekið þátt.

Fjárhagsáætlunin er upp á þrjá milljónir og hefur deildin þegar tryggt sér tvær milljónir.

Hugmyndin er að halda sambærilegt mót á tveggja ára fresti.

Fyrir hönd Breiðabliks,

Tanja Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Breiðabliks

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026